

Námur vegna Axarvegar

Tillaga að
breyttu Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028
til auglýsingar

sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

10. mars 2023




Múlaþing

ATA

A1596-002-U04

Aðdragandi og forsendur

Ákveðið hefur verið að endurbæta Axarveg (nr. 939) og gera hann að heilsársvegi. Við það styttest leiðin milli Djúpavogs og Egilsstaða um u.þ.b. 70 km. Efni í veginn verður tekið að stærstum hluta úr skeringum en 350.000 m³ þarf að taka úr námum. Vegna þessa þarf að færa 5 námur inn á Aðalskipulag Fljótshéraðs 2008-2028.



Rauður rammi sýnir svæði sem þessi breyting á Aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028 nær til. Sýnd eru með svartri línu mörk sveitarfélaga eins og þau voru fyrir sameiningu fjögurra sveitarfélaga í Múlaþing.

Nánar um efnistöku og forsendur breytingarinnar

Vegagerðin fyrirhugar nýbyggingu Axarvegjar 20,1 km frá st. 6500 utan við ný vegamót Skriðdals- og Breiðdalsvegjar (95) í Skriðdal að st. 26600 innan við vegamót Hringvegjar (1) í Berufjarðarbotni. Axarvegur liggur innan sveitarfélagsins Múlaþings, innan jarðanna Vatnsskóga og Berufjarðar.

Verkefnið Axarvegur, Hringvegur í Skriðdal og Hringvegur um Berufjarðarbotn fór í mat á umhverfisáhrifum og kom matsskýrsla Vegagerðarinnar út árið 2011. Árið 2013 var ákveðið að breyta veglínu upp úr Berufirði þar sem veglína færir sunnan Berufjarðarar upp undir Háöllu. Gerð var kynningarskýrsla árið 2013 og könnuð matsskylda vegna þeirra breytinga. Samkvæmt álitum Skipulagsstofnunar var ekki talið að breyting á veglínunni þyrfti í mat á umhverfisáhrifum, þar sem upplýsingar um umhverfisáhrif lögju fyrir í matsskýrslu Vegagerðarinnar frá 2011.

Vegagerðin hefur unnið að frekari námurannsóknum og hönnun vegjarins og komist að þeirri niðurstöðu að þörf sé fyrir meira efni en gert var ráð fyrir í matsskýrslu. Áætluð efnisþörf vegna framkvæmdanna miðað við frumhönnun er nú um 1.300 þús. m³. Fyrir liggur greinargerð með fyrirspurn um matsskyldu vegna þessarar auknu efnistöku, frá apríl 2022. Þar er lýst aukinni efnistöku á fjórum svæðum og efnisvinnslu á tveimur.

Tillaga þessi um breytingu á aðalskipulagi skilgreinir eftirtaldir 5 námur (3 af þeim voru hluti af matsskýrslu Vegagerðarinnar, 2011):

Sunnan við Innri-Yxnagilsá (22930), 10.700 m², 17.000 m³ (hluti af matsskýrslu, 2011)

Náman er í holt úr jökulruðningi og klöpp sem stendur rétt austan við gilbarm Axarar. Syðst í holtinu hefur farið fram lítilsháttar efnistaka. Hæstu hlutar holtanna eru melar sem að hluta eru vaxnir mosa og lyngi. Í lægðum milli holtanna eru þýðir lyngmóar með þykkara svarðlagi. Yfirborð er á stöku stað aðeins grýtt.

Norðan við Tjaldlæk (22931), 15.000 m², 90.400 m³ (hluti af matsskýrslu, 2011)

Náman er í beygju við núverandi veg í mosagróin holt úr jökulruðningi og klöpp sem skorin eru í sundur af litlum lækjum. Hæstu hlutar holtanna eru vaxnir mosa, sem myndar sums staðar stórar þúfur, ásamt einhverju lyngi. Á yfirborði er þó nokkuð um steina 0,5-1 m í þvermál og eitthvað stærra. Lægðir við lækina og hlíðar holtanna eru lynggrónar. Sunnan námunnar er mýri.

Norðan við Axarárnes (22938), 6.800 m², 28.000 m³ (ekki hluti af matsskýrslu, 2011)

Náman er í hraunfall sem hallar niður til suðvesturs. Náman er framhald af hannaðri skeringu meðfram veglínunni og þar með fast upp við hana. Hraunfallurinn opnast út til austurs og er þar nokkuð brotinn í stór bergstykki.

Gróðurþekja er heil, nema þar sem laust grjót og klappir standa berar. Gróður er mestmegnis mosi og yfirborð aðeins þýft. Klapparyfirborðið er jökulsorfið en nokkuð mishæðótt. Í lægðum í klapparyfirborðinu hefur mold safnast fyrir og gróður breytt úr sér en milli þess kroppa upp klapparhryggir og hvalbök. Talsvert er um laust grjót á svæðinu bæði á yfirborði og í moldinni.

Austan við svæðið er lækjar drag og sunnan þess koma fyrir deig svæði.


Sunnan við Axarárnes (22936), 24.500 m², 124.000 m³ (ekki hluti af matsskýrslu, 2011)

Náman er í klapparholt. Núverandi vegur sker vestasta hluta holtsins og ný veglína kemur til með að stækka þá skeringu enn frekar. Náman kæmi í framhaldi af skeringunni og áfram nokkuð suður meðfram núverandi vegi.

Gróðurpekja er heil og yfirborð lítillega þýft. Hæst á holtinu er yfirborð vaxið mosa en sunnar og vestar á því er meira lyng. Á yfirborði er þó nokkuð um steina 0,5-1 m í þvermál og eitthvað stærra. Á nokkrum stöðum sér í klöpp við yfirborð. Vestan við skilgreint efnistökusvæði er deigt svæði og lækjardrag. Lækir sameinast svo í skorningi norðaustan við holtið.

Norðan við Stóralæk (22932), 8.000 m², 23.000 m³ (hluti af matsskýrslu, 2011)

Náman er í mosagróið holt úr jökulruðningi og klöpp. Núverandi vegur sker austasta hluta holtsins og efni hefur áður verið tekið úr nyrsta hluta þess. Lítil tjörn liggur í lægð suðaustan við holtið. Hæsti hluti holtsins er vaxinn mosa en norður- og vesturhlíðar þess eru vaxnar lyngi og mosa. Eitthvað er af grjóti á yfirborði.



Myndin sýnir staðsetningu náma sem taldar eru upp hér fyrir framan. Nýjar námur eru sýndar með rauðum hring en eldri námur í gildandi aðalskipulagi með bláum þríhyrningi, sjá umfjöllun hér fyrir ofan. Svört lína sýnir sveitarfélagamörk fyrir sameiningu fjögurra sveitarfélaga í Múlaping. Skriðdals- og Breiðdalsvegur er sýndur með rauðri línu en Axarvegur með gulri.

Staða í skipulagi og tengsl við aðrar áætlanir og aðra hagsmuni

Í Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, sveitarfélagsuppdrætti A, eru sýndar tvær námur við Axarveg, með auðkenni E105 og E106. Engin þörf er lengur talin á námu E105 og er hún felld úr skipulaginu með þessari breytingu. Lokið verður við efnistöku á svæði E106 og það síðan notað til haugsetningar.

Ekkert deiliskipulag er í gildi á umræddu svæði. Tillaga að svæðisskipulagi fyrir Austurland hefur verið kynnt og þar eru bættar samgöngur meðal áhersluatriða, þ.m.t. vegur um Öxi.

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er stefnt að því að skipulag landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta. Sveitarfélögum er ætlað að sjá til þess að skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða megin kjarna, með styrkingu byggðar að leiðarljósi.

Engin staðbundin náttúruverndarákvæði eru í gildi þar sem nýjar námur eru fyrirhugaðar.

Vegagerðin fékk Antikva ehf. til gera fornleifaskráningu fyrir námurnar sem óskað er eftir að verði settar inn á aðalskipulag. Skv. skýrslu fyrirtækisins munu vörður fara forgörðum í 2 af þessum námum; sunnan við Axarárnes og norðan við Stóralæk. Að auki stendur varða rétt utan námusvæðis norðan við Axarárnes. Sú varða lendir innan skeringarsvæðis meðfram vegi. Í umsögn Minjastofnunar um tillöguna, við kynningu á vinnslustigi, kemur fram að fornleifaskráning umræddra varða sé að mati stofnunarinnar fullnægjandi mótvægisáðgerð.

Breytingar á skipulagsgögnum

Tillagan felur í sér að breytingar verði gerðar á skipulagsgögnum sem hér segir.

Greinargerð, tafla í kafla 9.10 um efnistökusvæði.

E105 Öxará fellur niður

E106 Öxaráreyrar verður eftir breytingu:

E106 Öxaráreyrar: Svæði til tímabundinnar haugsetningar.

Við töfluna bætast eftirtaldar línur:

E160 Sunnan við Innri-Yxnagilsá, 10.700 m², 17.000 m³. Áhersla á að við frágang verði ásýnd felld sem best að svipmóti landsins. Við efnistöku skal farið eftir þeirri framkvæmdarlýsingu sem sett er fram í matsskýrslu Vegagerðarinnar frá 2011.

E161 Norðan við Tjaldlæk, 15.000 m², 90.400 m³. Áhersla á að við frágang verði ásýnd felld sem best að svipmóti landsins. Við efnistöku skal farið eftir þeirri framkvæmdarlýsingu sem sett er fram í matsskýldufyrirspurn Vegagerðarinnar frá apríl 2022.


E162 Norðan við Axarárnes, 6.800 m², 28.000 m³. Áhersla á að við frágang verði ásýnd felld sem best að svipmóti landsins. Við efnistöku skal farið eftir þeirri framkvæmdarlýsingu sem sett er fram í matsskýldufyrirspurn Vegagerðarinnar frá apríl 2022.

E163 Sunnan við Axarárnes, 24.500 m², 124.000 m³. Áhersla á að við frágang verði ásýnd felld sem best að svipmóti landsins. Við efnistöku skal farið eftir þeirri framkvæmdarlýsingu sem sett er fram í matsskýldufyrirspurn Vegagerðarinnar frá apríl 2022.

E164 Norðan við Stóralæk, 8.000 m², 23.000 m³. Áhersla á að við frágang verði ásýnd felld sem best að svipmóti landsins. Við efnistöku skal farið eftir þeirri framkvæmdarlýsingu sem sett er fram í matsskýldufyrirspurn Vegagerðarinnar frá apríl 2022.


Engar aðrar breytingar verða á greinargerð aðalskipulagsins.

Á sveitarfélagsuppdrætti A verða breytingar á svæði sem afmarkað er á myndinni fyrir neðan.




- Efnistökusvæði
- Óbyggð svæði
- Stofnvegur
- Gönguleið
- Reiðleið
- Slóðar

Sveitarfélagsuppdráttur A, rauður rammi sýnir hvar breytingar verða sbr. myndir hér fyrir neðan.



Sveitarfélagsuppdráttur A fyrir breytingu.
1:150.000



Sveitarfélagsuppdráttur A eftir breytingu.
1:150.000.
Náma E105 hefur fallið niður en 5 nýjar
námur E160-E164 hafa bæst við.

Umhverfismat

Efnistaka í því umfangi sem hér um ræðir er tilkynningarskyld skv. tölulið 2.02 í 1. viðauka við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Vegagerðin sendi Skipulagsstofnun í apríl 2022 tilkynningu um aukna efnistöku vegna framkvæmda við Axarveg en fyrir lá mat á umhverfisáhrifum Axarvegur og Hringvegur um Skriðdal og Berufjarðarbotn frá árinu 2011 og álit Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun brást við tilkynningu Vegagerðarinnar í ákvörðun um matsskyldu dags. 23. júní 2022. Hér á eftir eru dregin fram meginatriði í þessari ákvörðun Skipulagsstofnunar (skáletraður texti), þar sem niðurstaðan er sú að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Þar eru þó aðeins fjórar af námunum teknar fyrir þar sem breytingar hafa ekki orðið á þeirri fimmtu frá matsskýrslu, 2011.

[Gögn málsins má sjá hér á vef Skipulagsstofnunar](https://www.skipulag.is/skipulagsstofnun/frettir/aukin-efnistaka-vegna-framkvæmda-vid-axarveg-mulathingi)

<https://www.skipulag.is/skipulagsstofnun/frettir/aukin-efnistaka-vegna-framkvæmda-vid-axarveg-mulathingi>.

Nánar tiltekið telst [matsskyldufyrirspurn Vegagerðarinnar](https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1854/Greinarger%C3%B0%20framkv%C3%A6mdara%C3%B0ila.pdf) hluti af gögnum þessarar aðalskipulagsbreytingar og vísað til hennar í skilmálum.

<https://skipulag.eplica.is/media/attachments/Umhverfismat/1854/Greinarger%C3%B0%20framkv%C3%A6mdara%C3%B0ila.pdf>

[Hér má sjá matsskýrslu Vegagerðarinnar frá 2011](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Axarvegur_mau_2011.03.02_Matsskyrsla_-mat/$file/939_m%C3%A1u_2011.03.02_Matssk%C3%BDrsla%20Axarvegur_endanleg.pdf)

[https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Axarvegur_mau_2011.03.02_Matsskyrsla_-mat/\\$file/939_m%C3%A1u_2011.03.02_Matssk%C3%BDrsla%20Axarvegur_endanleg.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Axarvegur_mau_2011.03.02_Matsskyrsla_-mat/$file/939_m%C3%A1u_2011.03.02_Matssk%C3%BDrsla%20Axarvegur_endanleg.pdf).

Áhrif á fornleifar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að aukin efnistaka muni koma til með að breyta lítið til nokkuð verndargildi fornleifa á svæðinu. Áhrif eru metin óveruleg til óafturkræf. Í fornleifaskráningu kemur fram að fornleifarnar sem um ræðir hafa verið mældar upp og ætti það að vera fullnægjandi mótvægisáðgerð. Vegagerðin mun leita til Minjastofnunar Íslands varðandi mótvægisáðgerðir vegna rasks á ofangreindum fornleifum auk annarra fornleifa sem koma til með að raskast vegna veglínu, samanber fyrirliggjandi umhverfismati og uppfærðri fornleifaskráningu.

Minjastofnun Íslands telur að fyrir liggja fullnægjandi gögn um fornleifar á fyrirhuguðu áhrifasvæði ofangreindrar framkvæmdar og um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar.

Áhrif á landslag, ásýnd og jarðminjar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að á efnistöku- og efnisvinnslusvæðum séu ekki jarðmyndanir sem njóti verndar.

Umhverfisstofnun bendir á að langmestu umhverfisáhrif vegna lagningar nýs vegar verða á fallett landslag og ásýnd í Berufjarðarbotni. Stofnunin ítrekar að vanda ætti til verka við hönnun skeringa í Berufjarðarbotni þar sem meiri áhersla verði lögð á mótun landslags til að milda sjónræn áhrif, en til þessa hefur útlit skeringa oft verið ákvarðað að mestu í magnforritum og því eru skeringar hver annarri lík óháð ásýnd nánasta umhverfis.

Náttúrufræðistofnun bendir á að mikilvægt er að allur frágangur við námasvæði, sem og við nýja vegalögn, sé vandaður þannig að sýnileiki og umhverfisáhrif framkvæmda verði í lágmarki.

Múlaping telur mjög mikilvægt að varanlegum áhrifum á ásýnd svæðanna verði haldið í lágmarki með þeim aðgerðum sem kveðið er á um í skýrslu Vegagerðarinnar. Sveitarfélagið leggur áherslu á að við frágang námusvæða verði land mótað með þeim hætti að sýnileg áhrif verði hverfandi.

Áhrif á lífríki vatns

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að gerð var úttekt á vatnalífi á sínum tíma vegna umhverfismats vegagerðar um Öxi og Berufjarðarbotn. Niðurstöðurnar voru þær að bleikjuseiði fundust í Axará og í Skriðuvatni. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að fána vatnakerfanna sé fremur fábreytt og þéttleiki hennar lítill. Metur Vegagerðin að aukin efnistaka í heild sé talin hafa óveruleg áhrif á lífríki vatns.

Áhrif á vistgerðir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að á efnistökusvæðum eru vistgerðir nokkuð áþekkar samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Við fyrirhugaða efnistökuastaði einkennist gróðurfar af mó- og moslendi með vistgerðisflákum inn á milli. Á efnistökusvæðum má finna votlendisvistgerðir sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi sem eru jafnframt á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Aðrar vistgerðir á svæðinu hafa að mestu lágt til miðlungs verndargildi.

Við undirbúning og hönnun framkvæmdar hefur verið leitast við að draga úr raski á ósnortnu landi eins og kostur er t.a.m. með því að útvíkka skeringar í námur, í stað þess að opna nýjar. Að mati Vegagerðarinnar er óhjákvæmilegt að raska votlendisvistgerðum og vistgerðum með hátt eða mjög hátt verndargildi við fyrirhugaða aukna efnistöku og munu áhrifin líklega verða allt frá því að vera óveruleg til neikvæð sem kunna að rýra verndargildi þeirra, en áhrifin verða staðbundin.

Í upphaflegri matskýrslu Vegagerðarinnar frá 2011 eru eftirfarandi upplýsingar um þá námu sem tilkynningin náði ekki til, nefnd Sunnan við Innri-Yxnagilsá:

Náma A-3, Sunnan við Innri-Yxnagilsá



Mynd 4.2.4. Loftmynd af námu A-3. Hæðarlínur með 5 m bili
(Loftmynd: Loftmyndir ehf., 2009).

Tafla 4.2.7.	Náma A-3
Jarðmyndun	Jökulruð., klöpp
Staða efnistöku	Gömul/Ný
Landeigandi	Vatnsskógar
Námurétthafi	
Sveitarfélag	Fljótsdalshérað
Kynnt sveitarfélagi	Já
Kynnt landeiganda	Já
Nýting	Fyllingarefni
Notað í leið	A, C, E, F
Flatarmál	10.000 m ²
Vinnslumagn	17.000 m ³
Vinnsludýpi	1,0-3,0 m
Frágangur	Sléttað
Gróðurlendi	Lyngmói og mosi
Þekja	75%
Svarðlag	Já
Sáning	Nei
Verndargildi	3. flokkur
Skipulag	
Annað	

Náma A-3 (Náma D í tillögu að matsáætlun) er vestan stöðva 8250-8450. Náman er í holti úr jökulruðningi og klöpp. Syðst í holtinu hefur farið fram lítilsháttar efnistaka (mynd 4.2.4., tafla 4.2.7., teikning 11, 5/17). Yfirborð holtsins er á stöku stað nokkuð grýtt.

Vinnsla og frágangur

Holtið verður lækkað niður og verður vinnsludýpi minnst við jaðrana, þar sem landhæð er lítil. Undir ruðningnum er klöpp og ekki gott að segja til um hversu þykkur jökulruðningurinn er.

Verndargildi

Jökulruðningur og klöpp njóta enngar sérstakrar verndar en efnistaka verður áberandi og lendir því í verndargildisflokki 3 (meðal verndargildi).

Samantekt Skipulagsstofnunar á umhverfisáhrifum í ákvörðun um matsskyldu er sem hér segir:

Efnistökusvæðin sem nú eru til umfjöllunar eru utan þess svæðis í Berufjarðardal sem Skipulagsstofnun taldi að áhrif framkvæmdarinnar yrðu verulega neikvæð á landslag og ásýnd. Svæðin verða í grennd við núverandi og fyrirhugað vegstæði uppi á heiðinni og utan verndarsvæða, en innan marka Miðhálandisins. Efnistakan mun koma til með að breyta ásýnd svæðisins að einhverju leyti, sérstaklega á áður óröskuðu svæði en áhrifin verða að mestu staðbundin næst námusvæðunum sjálfum. Í ljósi staðsetningar fyrirhugaðra efnistökusvæða telur Skipulagsstofnun brýnt að allur frágangur við námusvæði, sem og við nýja vegalögn, verði vandaður þannig að ásýndarbreytingarnar verði í lágmarki. Þá mun framkvæmdin einnig raska vistgerðum sem hafa miðlungs-, hátt- og mjög hátt verndargildi. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að rask á gróðursvæðum utan fyrirhugaðra framkvæmdasvæða verði lágmarkað eins og kostur er og í framhaldinu verði notast við svarðlag og staðargróður til uppgræðslu til að gróðurframvinda taki sem fyrst við sér að framkvæmdatíma loknum.

Varðandi áhrif á lífríki vatns þá áformar Vegagerðin efnis- og haugsetningu inn tveggja lækjarframburðarsvæða og eru svæðin röskuð frá fyrri tíð. Skipulagsstofnun tekur undir með Vegagerðinni að gæta þurfi að því að farvegur verði ekki mjórri, breiðari, grynndri eða dýpri eftir framkvæmdir og að botngerð haldist eins og fyrir framkvæmdir. Stofnunin brýnir að tjarnir, votlendi, lækir og ár myndi órjúfanlega heild og aðgerðir tengdar framkvæmdum ofar í vatnasviðinu geta haft áhrif neðar í kerfinu.

Helstu áhrif framkvæmda verða staðbundið á landslag og ásýnd og í minna mæli á vistgerðir, fornleifar og lífríki vatns. Framkvæmdin raskar ekki svæðum eða jarðmyndunum sem njóta verndar. Umhverfisáhrif efnistökkunnar fela almennt í sér óafturkræf áhrif á jarðminjar, ásýnd og vistgerðir. Með hliðsjón af umfangi, eðli og staðsetningu er þó ekki líklegt að áhrif á ofangreinda þætti verði veruleg en fyrirhuguð framkvæmd er viðbót við mun umfangsmeiri framkvæmd sem hefur haft og mun hafa viðtæk neikvæð áhrif á ýmsa umhverfisþætti, sbr. fyrrnefnt álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá árinu 2011. Stofnunin telur að áhrif efnistökkunnar á ásýnd verði nokkuð neikvæð en bundin við afmarkað svæði. Gera má ráð fyrir því að áhrifa efnistöku á ásýnd svæðisins og gróður muni gæta á komandi árum en Skipulagsstofnun telur að draga megi úr áhrifum með vandaðri verktilhögun við efnistöku og frágangi svæðisins sem helst í hendur við frágang eftir veglagningu.

Málsmeðferð og tímaáætlun

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010.

Umsagnaraðilar eru:

- Aðliggjandi sveitarfélög
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST)
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun
- Landgræðslan

Lýsing var kynnt í júlí 2022 og bárust umsagnir sem hér segir:

HAUST, Heimastjórn Fljótsdalshéraðs, Landgræðslan, Minjastofnun og Vegagerðin gerðu engar athugasemdir. Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun lögðu áherslu á vandaðan frágang en gerðu að öðru leyti ekki athugasemdir.

Tillaga var kynnt á vinnslustigi í lok september 2022 og gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum. Í umsögn Minjastofnunar kom fram að fornleifaskráning varða sem hverfa við framkvæmdirnar teljist fullnægjandi mótvægisáðgerð. Í umsögnum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands voru ítrekaðar brýningar um að leggja áherslu á vandaðan frágang og hefur verið brugðist við þeim með skipulagsákvæðum þar að lútandi. Vegagerðin og HAUST sendu umsögn án efnislegra athugasemda.

Tillagan er nú auglýst og liggur frammi á bæjarskrifstofum Múlaþings auk þess að vera aðgengileg á vef sveitarfélagsins (www.mulathing.is). Gefinn er sex vikna frestur til að koma á framfæri skriflegum athugasemdum, sjá nánar dagsetningar í auglýsingum. Athugasemdum sem berast á auglýsingatíma verður svarað með formlegum hætti.

Að auglýsingatíma liðnum verður tillagan afgreidd í sveitarstjórn, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til og send Skipulagsstofnun til yfirferðar og staðfestingar.

Staðfest aðalskipulagsbreyting tekur að lokum gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.